

Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík, 1. mars 2024  
Málsnúmer: DSS202402-0058/0.09

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála, lögum um meðferð einkamála og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. (miðlun og form gagna, fjarþinghöld og birting ákæru í stafrænu pósthólfi) mál 691.

Dómstólasýslan vinnur að stafrænum umbreytingum hjá dómstólum í samræmi við stefnu dómstóla 2023-2027. Eins og þar greinir er unnið að því að dómstólar verði stafrænir að svo miklu leyti sem það samræmist réttaröryggi borgaranna og meginreglum réttarfars um m.a. opinbera og milliliðalausá málsmeðferð. Með stafrænum umbreytingum er m.a. stefnt að bættu aðgengi að dómstólum, auknu gegnsæi, styttri málsmeðferðartíma, umhverfisábata og betri nýtingu tíma og fjármagns. Dómstólasýslan hefur í samræmi við þessi markmið og áherslur m.a. unnið að greiningu á því hvernig stafrænni meðferð mála verður best hagað og hvaða lagabreytinga er þörf.

Að mati dómstólasýslunnar fela þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu í sér afar mikilvæg skref í átt að stafrænni málsmeðferð sem samræmast stefnu dómstólanna. Dómstólasýslan telur þó rétt að benda á ákveðin atriði í frumvarpinu sem rétt er að huga að.

### 1) Heimildir fyrir þátttöku í þinghaldi í gegnum fjárfundabúnað og heimildir fyrir dómstólasýsluna til að seja leiðbeinandi reglur.

Dómstólasýslan fagnar því að í frumvarpinu er lagt til að heimildir til notkunar fjárfundabúnaðar meðal annars til að gefa skýrslu fyrir dómi verði gerðar varanlegar. Í greinargerð með frumvarpinu er fjallað um dómaframkvæmd varðandi notkun fjárfundabúnaðar við meðferð dómsmála, bæði héraðs og fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu, og þau sjónarmið sem fram koma í leiðbeiningum Evrópuráðsins frá árinu 2021 um notkun fjárfundabúnaðar við meðferð mála fyrir dómi.

Í umsögn dómstólasýslunnar um drög að frumvarpinu sem kynnt voru í samráðsgátt stjórnarráðsins segir að dómstólasýslan telji mikilvægt að útfæra nánar í stórum dráttum í lagatexta hvenær heimildir til notkunar fjárfundabúnaðar eigi við og við hvaða aðstæður. Ekki sé nægjanlegt með hliðsjón af þeim mikilvægu hagsmunum sem undir eru að gera ráð fyrir að um þetta sé að öllu leyti útfært í leiðbeinandi reglum dómstólasýslunnar. Slíkar reglur ættu frekar að vera til fyllingar á lagatexta.

Heimildir dómstólasýslunnar til að setja leiðbeinandi reglur um fjarþinghöld eru í 3. gr. frumvarpsins sem liggur fyrir Alþingi að því er varðar sakamál og 52. gr. að því er varðar einkamál. Í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins er vísað til kafla 3.3. um þau sjónarmið sem eiga við um mat á því hvort þinghald í sakamáli verði haldið í gegnum fjarfundabúnað. Í athugasemdunum segir að í reglum dómstólasýslunnar geti m.a. komið fram í hvaða málum einkum kæmi til greina að heimila þátttöku í þinghaldi í gegnum fjarfundabúnað og í hvaða málum það kæmi síður til greina.

Brugðist var við athugasemdum dómstólasýslunnar við drög að frumvarpinu í samráðsgátt stjórnarráðsins með því að tilgreina nánar í 20., 21. gr. og 59. gr. frumvarpsins tiltekin skilyrði þess að dómari geti ákveðið að þátttaka í þinghaldi fari fram í gegnum fjarfundabúnað. Nánari skýringar á því hvenær heimilt geti verið að ákveða að skýrslutökur fari fram í gegnum fjarfundabúnað koma fram í athugasemdum við frumvarpið, sbr. kafla 3.3 í almennum athugasemdum og athugasemdir við 20. og 21. gr. frumvarpsins. Dómstólasýslan telur að þær breytingar sem gerðar voru á þessum greinum séu til mikilla bóta en að enn sé í ljósi réttaröryggissjónarmiða þörf á ítarlegri fyrirmælum í lagatexta um til hvaða atriða beri að líta við slíka ákvörðun og við setningu leiðbeinandi reglna dómstólasýslunnar.

*2) Heimildir til að birta ákærur og önnur skjöl við rannsókn og meðferð sakamála með stafrænum hætti – 32. gr. frumvarpsins.*

Í frumvarpinu er lagt til að framvegis verði heimilt að notast við birtingu í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda. Vísað er til þess að vinnuhópur á vegum dómsmálaráðherra um stafrænar birtingar hafi tekið til athugunar þrjár mismunandi leiðir: a) að gagn teljist réttilega birt þegar það hefur verið gert aðgengilegt í stafrænu pósthólfi, b) að gagn teljist réttilega birt þegar það hefur verið gert aðgengilegt í stafrænu pósthólfi og viðkomandi hefur skráð sig inn í pósthólfið eftir það eða c) að gagn teljist réttilega birt þegar það hefur verið gert aðgengilegt í stafrænu pósthólfi og viðkomandi hefur skráð sig inn í pósthólfið og opnað gagnið.

Í frumvarpsdrögum sem birt voru í samráðsgátt stjórnarráðsins var lagt til að farin yrði leið b) þar sem hún þótti sameina kosti þess að gera birtingar stafrænar og spara kostnað og tíma, „án þess að vegið [væri] að réttaröryggi“. Í 32. gr. frumvarpinu sem liggur fyrir þinginu er á hinn bóginn lagt til að farin verði önnur leið sem vísað er til sem samblands af leiðum b) og c). Samkvæmt henni telst ákæra réttilega birt í stafrænu pósthólfi þegar viðkomandi hefur staðfest móttöku hennar þar. Af almennum athugasemdum við frumvarpið má ráða að þessi leið hafi orðið fyrir valinu þar sem það sé stefna Stafræns Íslands að notkun hins stafræna pósthólfs sé ekki vöktuð. Þess má geta að þessi leið gengur mun skemur um réttarhrif birtinga í stafrænu pósthólfi en leið a) sem er í samræmi við 7. gr. laga nr. 105/2021 um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda. Eins og þar kemur fram teljast gögn hafa verið birt viðtakanda þegar þau eru aðgengileg í pósthólfi.

Dómstólasýslan telur að engin þessara þriggja leiða sem tilgreindar voru í frumvarpsdrögum sem kynnt voru í samráðsgátt stjórnarráðsins og raktar eru hér að ofan vegi að réttaröryggi borgaranna samanborið við þær birtingaaðferðir sem heimilar eru í dag. Einnig telur dómstólasýslan að sá einfaldleiki sem felst í *leið a)* vegi þungt og að tryggja megi réttaröryggi með einföldum hætti. Það megi gera með því að lengja þann frest sem einstaklingar hafa til þess að óska eftir endurupptöku útvistarmáls í héraði samkvæmt 1. mgr. 187. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og gefa þeim sem ekki hafi aðgang að rafrænum skilríkjum eða geti ekki nýtt sér stafrænar lausnir kost á að standa fyrir utan stafræna kerfið. Sú leið krefst þess ekki að pósthólfið sé vaktað og er eins og áður segir í samræmi við 7. gr. laga nr. 105/2021.

Dómstólasýslan telur að sú leið sem farin eru í frumvarpinu geti þjónað sem fyrsta skref í átt að stafrænum birtingum og leggur áherslu á að lagt verði mat á þann árangur sem náðst hefur með henni og að ákvæðið verði endurskoðað í ljósi reynslunnar.

- 3) *Hlutleysi réttarfarslöggejfar um afhendingarmáta gagna og tilkynninga og í því sambandi heimildir til notkunar rafrænna lausna og heimildir dómstólasýslunnar til að seija reglur.*

Hvað varðar hlutleysi um afhendingarmáta gagna og tilkynninga þá styður dómstólasýslan tillögur frumvarpsins þar um og að dómstólasýslan fái heimild til að setja reglur um afhendingarmáta dómskjala, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Heimildin er mikilvæg svo ákvarða megi í hvaða skrefum verði opnað fyrir rafrænar sendingar til dómstóla þannig að tryggt sé að dómstólarnir verði tæknilega í stakk búnir til að taka á móti slíkum gögnum og ekki þurfi að breyta lögum í hvert skipti sem tæknilegar lausnir hafi verið innleiddar í einstökum málaflokkum.

Virðingarfyllst,



---

Kristín Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri